

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 454/2002  
fyrir Minningarsjóð Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

**3. gr. orðist svo:**

Tilgangur Minningarsjóðsins er að styrkja efnilegt ungt fólk til náms.

Miningarsjóðurinn hefur einnig sem tilgang að hjálpa bágstöddum einstaklingum og styrkja góð málefni samkvæmt nánari fyrirmaðum þessa ákvæðis. Skilyrði fyrir styrkveitingum til bágstaddra einstaklinga eða góðra málefna er að þær komi einstaklingi, hópum einstaklinga eða samfélaginu til góða að mati stjórnar Minningarsjóðsins. Hér undir geta fallið styrkveitingar til kaupa á tækjum í lækningaskyni, til kaupa á hjálpartækjum handa fötludum einstaklingum, til rannsókná á sjúkdónum, til stuðnings við einstaklinga sem kljást við sjúkdóma og aðstandenda þeirra og aðrar styrkveitingar sem stjórn sjóðsins telur uppfylla framangreind skilyrði.

Styrkirnir skulu vera það riflegir að þeir komi að tilætluðum notum og geta sömu aðilar orðið styrksins aðnjótandi í mörg ár í röð.

**4. gr. orðist svo:**

Umsækjendum ber að senda skriflega beiðni um styrkveitingar til stjórnar sjóðsins. Skal þar koma fram með skýrum hætti hver sé umsækjandi, eða eftir atvikum í fyrirsvari fyrir umsækjanda. Ef um styrk til náms er að ræða, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal umsækjandi láta getið um aldur og efnahag og til hvers nota eigi styrkinn. Ef sótt er um styrk af öðrum ástæðum, sbr. 2. mgr. 3. gr., skal umsækjandi gera ítarlega grein fyrir tilgangi umsóknarinnar og rökstyðja, eftir því sem við á, með hvaða hætti styrkveitingin muni koma einstaklingi, hópum einstaklinga eða samfélaginu til góða. Þá skal tekið fram að afhenda skuli Ríkisendurskoðun afrit af reikningum sjóðsins árlega.

**5. gr. orðist svo:**

Höfuðstól Minningarsjóðsins eins og hann er og verður á hverjum tíma skal almennt ekki skerða. Heimilt er að hefja styrkveitingar úr sjóðnum nú þegar. Úthluta má styrkjum skv. 3. gr. fyrir allt að 80% af árlegum tekjum sjóðsins, en 20% þeirra leggst við höfuðstólinn.

Stjórn Minningarsjóðsins er þó heimilt að úthluta styrkjum fyrir allt að 100% af árlegum tekjum sjóðsins á tilteknu ári. Skilyrði fyrir slíkri ákvörðun er að innsendar beiðnir um styrkveitingar, sem stjórnin hyggst samþykka, muni fyrirséð nema haðri fjárhæð en 80% af árlegum tekjum sjóðsins.

Þá er stjórn Minningarsjóðsins einnig heimilt í sérstökum tilvikum, s.s. vegna kaupa á lækninga eða hjálpartækjum, að ganga á höfuðstól sjóðsins. Aldrei er þó heimilt að úthluta meira en 20% af höfuðstól sjóðsins á tilteknu ári.

Ef úthlutað er fyrir minna en 80% af árlegum tekjum Minningarsjóðsins á tilteknu ári, skal stjórn sjóðsins ákveða hvort mismunurinn skuli bætast við höfuðstól sjóðsins eða koma til úthlutunar á næsta ári á eftir.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 8. desember 2017,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*